



Fundargerð

11. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grófinni 2
20. júní 2024, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðmundur Björnsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurður Garðarsson.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Gissur Hans Þórðarson verkefnastjóri frá OMR verkfræðistofu, Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Grétar I. Guðlaugsson boðaði forföll.

* * *

1. Stjórn Eignasjóðs - stefnumótun og verklag (2023090468)

Samkvæmt erindisbréfi er Eignasjóði Reykjaneshæjar ætlað að stuðla að hagkvæmum rekstri og viðhaldi fasteigna og mannvirkja Reykjaneshæjar, ásamt því að undirbúa og hafa eftirfylgd með nýframkvæmdum og fjárfestingum.

Umræður fóru fram um stefnumótun og framtíðarsýn Eignasjóðs Reykjaneshæjar með hliðsjón af þeim verkefnum sem tilgreind eru í erindisbréfi stjórnar.

Perla Njarðardóttir og Orri Sveinn Segatta byggingafræðingar frá Arkís mættu á fundinn og fóru yfir notkun á forritinu bim360.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.